



Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

LANDVERND
Alþingi

Erindi nr. Þ 131/516
komudagur 6. 12. 2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Bt. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

6. desember 2004

Efni:


Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) – eldri námur

Stjórn Landverndar fagnar framangreindu frumvarpi.

Stjórnin telur að til að draga úr hættunni af alvarlegum náttúruspjöllum vegna námuvinnslu þurfi jafnframt að seta ákvæði um neyðarúrræði sem taki þegar gildi. Efnislega er lagt til að bætt verði við eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

„Umhverfissráðherra hefur heimild til að stöðva efnistöku í námum sem störfuðu fyrir 1. maí 1994 ef að dómi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar þykir sýnt að áframhaldandi efnistaka valdi umtalsverðum sjónrænum áhrifum á mikilvægum kennileitum í landlagi og/eða spilli verðmætum jarðminjum og/eða valdi skaða á vatnsöflunarsvæðum. Heimild til að hefja að nýju efnistöku skal þá háð undangengnu mati á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ákvæði þetta gildir frá 1. janúar 2005 til 1. júlí 2007.”

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Landverndar


Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri